


# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK





TAL



VILTU VINNA  
ÞÉR INN  
7.000 KR.  
Á 3 TÍMUM

OG TALA FRÍTT  
Í GEMSANN  
Í ALLT  
SUMAR?

ÞÁ VILJUM VIÐ  
**!PIG!**

VIÐ ÆTLUM AÐ RÁÐA STÓRAN HÓP AF HRESSU FÓLKI Á ALDRINUM 18-25 ÁRA Í VINNU 2-4 KVÖLD Í VIKU Í SUMAR.  
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL KL. 23:59 MÁNUDAGINN 13. JÚNÍ 2011. SÆKTU UM NÚNA Á [TAL.IS/AUKAVINNA](http://TAL.IS/AUKAVINNA)

Er ekki tilvalið að halda upp á sjómannaþaginn með því að skella sér á *Pirates of the Caribbean* í bíó?

**DÚ ERT EKKI FRÆGUR NEMA DÚ SÉRT Í ALBÚMI HÖLLU**



Mynd/Allan

# Flottasta albúmið í bænum

**Halla Berglind Jónsdóttir** hefur gert það gott á **Facebook** undanfarið ár með myndaalbúmi sem stútfullt er af myndum af henni og frægum einstaklingum.

„Þetta byrjaði með fyrstu myndinni þegar ég hitti Júlí Heiðar niðri í bæ og svo bættust fleiri við. Svo fór fólk að segja: „Hey, þú ert alltaf með myndir af frægum,“ og þetta vatt bara upp á sig, eins og snjóbolti,“ segir Halla Berglind Jónsdóttir sem heldur úti skemmtilegu myndaalbúmi á Facebook. Þar er að finna á fjórða tug mynda af henni í för með frægum.

Smám saman færðist síðan aukinn metnaður í grínið. „Ég fór síðan að taka myndir á stöðum þar sem ég vissi að það yrðu einhverjir frægir,“ segir Halla en hún vippaði sér til dæmis baksviðs á sýningu Klovn-tvíeykisins á Íslandi. „Vinir mínir



**CELEBIN VIRÐAST NÁNAST ELTA HÖLLU EN EKKI ÖFUGT**



## MONITORTV

Farðu á mbl.is og sjáðu myndskæði með viðtali við Höllu þar sem hún segir meðal annars frá því þegar hún rakst á Kolb in the wild.

eru oftast með mér í þessu, þó að þeim finnist þetta oft mjög vandræðalegt,“ bætir hún við og hlær.

Halla Berglind er fædd árið 1993 og er því á leið á sitt þriðja ár í Verzlunarskóla Íslands næsta haust. Í frístundum sínum brunar hún um moldarbrautir fyrir utan bæinn á krossara. Í sumar vinnur hún sem þjónn á Icelandair Hotels. „Ég er að fara á Kanye West í sumar. Það væri ansi gaman að ná mynd af honum og bæta honum í albúmið,“ segir Halla og óskar Monitor stelpunni góðs gengis á stjörnuveiðum sínum í náinni framtíð.

## Monitor mælir með

### Í SPILARANUM

GusGus gáfu út á dögum sína áttundu hljóðversplötu, Arabian Horse. Gagnrýnendur hafa vart haldið vatni yfir henni og er það skiljanlegt. Platan inniheldur tíu lög sem mörg hver eiga án efa eftir að trylla sumarpartí ársins 2011.




### FYRIR STELPURNAR

Kvennahlaup ÍSÍ fer fram þann 4. júní. Hægt er að velja mismunandi leiðir svo allar konur ættu að geta fundið sér leið við sitt hæfi. Því er um að gera fyrir konur að reima á sig hlaupaskóna og vinna persónulega stórsigra á laugardaginn.

### Í SJÓNVARPINU

Úrslitarimma NBA-deildarinnar milli Dallas Mavericks og Miami Heat er farin af stað. Því er tilvalið fyrir íþróttanendur að náthraffa sig í gang og fylgjast með, enda lengist nóttin með degi hverjum. Svo skemmir ekki fyrir hve frambærilegur lýsandinn Svali Björgvinsson er en hann statar af 4,3 gullkornum að meðaltali í leik.



## Vikan á...

## facebook



**Auðunn Blöndal**  
Home sweet home eftir geggjaða ferð...

fattaði á Wembley að það er asnalegt hversu 30 ára gamall maður getur haldið með einu liði !!!  
31. maí kl. 1:14



**Einar Bárðarson** 1. júní  
! alveg komið há-su.... nei ég meina HÁ-vor :-)  
1. júní kl. 9:08



**Ingólfur Þórarinnsson**  
takk fyrir þessar frábæru kveðjur krakkar. Þær gleðja hjartað. Þó ég sé þekktur á ég marga virkilega flotta vini og það er það besta við að vera þekktur. Sendi ykkur öllum mikinn kærleik og virðingu og er farinn að fá mér köku. P.s Colin Farrell, Stjáni Stuð Kalli lú, Clint eastwood eiga líka afmæli. Verður ekki betri hópur. Sé ykkur næst þegar ég rif í gítarinn. Vinakveðjur, Ingó

31. maí kl. 23:06



**Vala Grand**  
Greinilega kann kalling minn að halda sínu Starfsfólki hann var að gefa ipad 2 til alla starfsfólkið sitt og ofc eina fyrir kellinguna sína haha :Þ svona á fyrirtæki að gera þetta

31. maí kl. 18:08

## Feitast í blaðinu

**Hemmi Gunn** bauð Matthíasi Vilhjálmssyni og kærustu á Humarhúsið. >>>4

**Stefanía Svavarsdóttir** á ansi góða ferilskrá í tónlist miðað við aldur. >>>8

**Emmsjé Gauti** pósaði í baði í tilefni af útgáfu plötu sem er að koma út. >>>10

**Hannes Þór Halldórsson** Leikstjóri á toppi Pepsi-deildarinnar. >>>12

**Stíllinn** kíkti í fataskápin hennar Eyglóar Scheving úr hljómsveitinni Vicky. >>>16

## Efst í huga Monitor

# The sjó möst gó on

**H**var værum við Íslendingar staddir ef duglegra sjóara og fiskveiðimanna hefði ekki notið við í gegnum tíðina? Monitor veit ekki svarið við þessari spurningu en sjálfsgagt er hægt að gera ráð fyrir því að við værum einhvers staðar í tómu tjóni. Við erum að minnsta kosti sammála um það að sjórinn hefur verið okkur gjöf full og skapað hér ótal störf fyrir fólk á öllum landshornum.

**Þ**að er því vel við hæfi að fagna duglega á sunnudaginn næsta en þá er sjómanna-dagurinn haldinn hátíðlegur. Ef þú þekkir sjómann þá er upplagt að hringja í hann og segja eitthvað fallett við hann. Ef þú hefur tök á því að faðma sjómanninn þá verður hann enn glaðari. Þeir vinna jú erfiða vinnu á höfum úti en fá oft ekki alla þá ást sem þeir þurfa að halda.



**E**f þú hefur massað þig vel upp og tekur 120 kg í bekk þá átt þú efni á því að skora á alvöru sjómann í sjómann. Til að gera leikinn meira spennandi er gott að leggja undir tvö kíló af lúðu og hálf tonn af makríl.

**S**jómannaöld gleðja alltaf sjómennina. Það fyllir þá stolti að hlusta á lög sem samin eru um hetjudáðir þeirra. Gott er að geta raulað lag eins og Kátir voru karlar sem fjallar um áhöfnina á kúttar Haraldi en þeir komust allir heilir á húfi í land. Stolt siglir fleyið mitt snertir líka þjóðerniskennarstrengi en þar syngja strákarnir um það að brátt nálgist þeir Íslandið sitt. Fallett. Á sjó er líka fallett lag sem hampar fræknum fiskimönnum en lagið hentar þó eingöngu þeim allra djúpröðduðustu.

**S**jómennskan er ekkert grín. Það er á hreinu. Góða helgi.

**Ritstjóri:** Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) **Umbrot og hönnun:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

**Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Sigyn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is)

**Auglýsingar:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Forsíða:** Ernir Eyjólfsson **Grafík:** Elín Esther

**Myndvinnsla:** Hallmar F. Þorvaldsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569-1136 **Netfang:** monitor@monitor.is





RAGNHEIÐUR GRÖNDAL



BJÖRGVIN HALLDÓRSSON



PÁLL ÓSKAR

# Íslenska popplandsliðið

**Tónlist.is** endurbætti á dögunum vef sinn sem **Engilbert Hafsteinsson** segir að hafi einfald að vefinn mikið. Til að kynna vefinn sendir fyrirtækið meðal annars frá sér sjónvarpsauglýsingar sem skarta algjöru landsliði í popptónlist.

„Við vöknudum bara einn daginn og áttuðum okkur á því að Tónlist.is væri orðinn of flókin vefur, svo við réðumst í það að bæta úr því. Við vorum með frábæra virkni á vef okkar en ekki að koma því nægilega vel til skila,“ segir Engilbert Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Tónlist.is en þeir opnuðu nýverið endurbætta útgáfu af vef sínum. „Notkunin var orðin of flókin. Það var alltof mikið að gerast á honum sem skipti kannski ekki máli fyrir þá sem vildu bara fara inn á hann til að njóta góðrar tónlistar.“ Inni á vefnum eru yfir 6.500.000 lög, bæði íslensk og erlend. „Ásamt því að einfalda vefinn bjóðum við upp á nýja leið til að prófa þjónustuna

**MONITOR TV**  
Farðu inn á MonitorTV á mbl.is og sjáðu viðtal við Pál Óskar og sýnishorn úr auglýsingunni.


## Í AUGLÝSINGU

þar sem áhugasamir geta skráð sig í prufuáskrift. Hún er ókeypis og felur enga skuldbindingu í sér,“ segir Engilbert.

### Metnaðarfull kynningarherferð

Til að kynna endurbætta vefinn stendur Tónlist.is fyrir tónleikaröð um helgina í höfuðborginni og á Akureyri. Á Akureyri koma fram tónlistarmenn á borð við Bang Gang, Friðrik Dór og Jón Jónsson en í Reykjavík spila Pétur Ben, Bang Gang, Ourlives og Cliff Clavin. Nánar má lesa um tónleikana á [www.tonlist.is](http://www.tonlist.is).

Annar liður í kynningu endurbætta vefsins er skemmtileg sjónvarpsauglýsingaherferð sem er væntanleg í loftið. „Hugmyndin var að gera skemmtilega auglýsingu sem sýnir hvernig tónlist tengist öllu því sem við erum að gera. Til að ná þessu fengum við Guðjón Jónsson frá Sagaflim og auglýsingastofuna Ennemm með okkur í lið,“ segir Engilbert. Í auglýsingunni leikur sannkallað einvalalið íslenskra poppara en þar má nefna Björgvin Halldórsson, Pál Óskar, Ragnheiði Gröndal, Friðrik Dór ásamt fleiri góðum. Sjá má myndskleið frá því að blaðamaður mætti á tókustað auglýsingarinnar og tók viðtal við Guðjón leikstjóra og Pál Óskar á MonitorTV.



ENGILBERT HAFSTEINSSON  
FRAMKVÆMDASTJÓRI  
TONLIST.IS



**BOSEI - ET SLAG I FLERE RETNINGER**  
**TIL MELD DIG NU OG START 10. AUGUST**

Find og styrk dit talent på Idrætshøjskolen Bosei i Danmark. Find nye interesser – og nye venner. Og find dit stærkere jeg – fysisk og mentalt. Se video og billeder på [www.bosei.dk](http://www.bosei.dk) og læs mere om Sydsjællands nye idrætshøjskole med de interessante japanske rødder. Efterårsholdene starter 10. august 2011.



Ring +45 55 90 90 90 og snak med forstander Erling Joensen om dine muligheder.

IDRÆTSHØJSKOLEN PÅ SYDSJÆLLAND

# Hemmi Gunn stóð undir nafni

Höfðinginn **Hemmi Gunn** bauð **Matta Vill** út að borða eftir óbeint veðmál þeirra um úrslit Barcelona-Manchester United

Í síðustu viku voru Hemmi Gunn og Matthías Vilhjálmsson teknir í viðtal hjá MonitorTV sem upphitun fyrir úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Þar sagðist Hemmi Gunn hafa svo mikla trú á sínum mönnum í Man Utd að hann væri klár í veðmál ef honum bærist hóflegt boð. Í kjölfarið sagðist Matthías klár í að leggja undir boð í matverð en kallaði Hemma jafnframt „höfðingja“. Skemmst er frá því að segja að Barcelona, sem Matthías studdi, stóðu uppi sem Evrópumeistarar og Hemmi klikkaði hvergi á höfðingsskapnum. Veðmálið efndi hann með því að bjóða Matthíasi út að borða.

„Ég bjóst nú að sjálfsögðu við þessu frá þessum mikla höfðingja. Hann bauð mér gjafabréf upp á hádegisverð fyrir tvo á Humarhúsinu, fyrir mig og kærustuna,“ sagði Matthías alsæll með þetta. Monitor tekur ofan fyrir Hemma Gunn.



HEMMI BÝÐUR  
Á HUMARHÚSIÐ



# SKÓAÐU ÞIG RETT UPP

Asics kemur þér alla leið



**HELLINGUR**  
AF NÝJUM ASICS HLAUPAVÖRUM  
FYRIR SUMARIÐ

 **asics**  
*sound mind, sound body*



# Gerir ráð fyrir stuði og stemningu



VALDIMAR ER VIRKUR Í TÓNLISTARFRAMLEIÐSLU KEFLAVÍKUR

Hljómsveitin **Valdimar** treður upp á Svínarí á Faktory föstudaginn 3. júní. Söngvari og nafni sveitarinnar, **Valdimar Guðmundsson**, sagði **Monitor** frá áformum bandsins og tónlistarhefð Keflavíkur.

**Hvað er á döfnni hjá hljómsveitinni og þér í sumar?**

„Það er bara ýmislegt. Við í Valdimar erum að fara að spila hér og þar í sumar. Við erum að reyna að plana smá svona ferðalag út á land í júlí. Við ætlum að taka svona nettan túr, aðeins að þræða landið. Sjálfur er ég að vinna með Björgvini Ívari Baldurssyni. Við erum að fara að taka upp í júlí og það verður örugglega eitthvað skemmtilegt.“

**Hverjir eru svona helstu áhrifavaldir hljómsveitarinnar?**

„Það er svolítið erfitt að segja því hver meðlimur hefur sinn áhrifavaldinn hver einhvern veginn. Hjá mér er það aðallega Radiohead, Bob Dylan og Arcade Fire – og svo náttúrulega Bítarnir eins og hjá öllum öðrum. Síðan er til dæmis bassaleikarinn mikill Bob Marley-maður, aðrir eru miklir djassarar og þetta blandast síðan allt í lögunum hjá okkur.“

**Hvað ert þú sjálfur að hlusta á þessa dagana?**

„Það er náttúrulega nýja Radiohead-platan. Svo hef ég verið að hlusta svolítið á plötur frá 2010 með LCD Soundsystem, Beach House og svona stuð bara.“

**Nú eru stofnmeðlimir hljómsveitarinnar báðir úr Bítlabænum.**



**um. Hvernig stendur á öllum þessum tónlistarhæfileikum í Keflavík?**

„Það virðist vera nokkuð af góðri tónlist úr Keflavík. Ég segi kannski að þetta sé Mekka tónlistar á Íslandi en hér er svona ágætisframleiðsla. Þetta hefur kannski minnkað þínu í seinni tíð. Þetta var náttúrulega aðeins meira á árum áður en annars finnst mér þetta búið að vera í svolitilli uppsveiflu aftur undanfarin ár, sem er mjög gott.“

**Við hverju má búast á Svínarí á föstudaginn?**

„Svínarí. Nei nei, það verður bara eitthvað stuð. Það hefur yfirleitt myndast mjög góð stemning þegar við erum að spila þannig að ég geri bara ráð fyrir stemningu.“



VIGRI ER NEFND EFTIR SEINASTA SKIPI SEM AFI TVEGGJA ÚR HLJÓMSVEITINI VAR SKIPSTJÓRI Á.

## Tóku upp frumraunina með einn hljóðnema

Fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar Vigrí hefur litið dagsins ljós og ber platan nafnið Pink Boats. Upptökufæri plötunnar var af óhefðbundnum toga en hljómsveitarmeðlimirnir flyktast út um víðan völl með einn hljóðnema að vopni til að taka upp plötuna.

„Við bjuggum til dæmis hjá bóndanum á Flatey í Breiðafirði og konunni hans í einhverjar tvær vikur og vorum að taka upp í kirkjunni þar á meðan. Á þessum tíma vorum við Hansi bróðir minn tveir af sex íbúum Flateyjar,“ segir Bjarki Pjetursson, einn meðlimanna. „Platan átti að taka svona mánuð í gerð en endaði á að taka tvö ár og þrjú hljómsveitarmeðlimir bættust við. Við lærðum helling af þessu, erum orðnir betri að taka upp og kannski betri tónlistarmenn líka.“ Hann segist hafa skemmt sér best við upptökur uppi í Hallgrímskirkjunni. „Það var þvilíkt gaman. Við spiludum í rauninni á kirkjuklukkurnar þannig að lagið ómaði út um alla Reykjavík,“ segir hann og bætir við að sennilega sé þetta met hljómsveitarinnar í áheyrendafjölda.

Hljómsveitin hyggst fylgja útgáfu plötunnar eftir með fleiri verkefnum. „Í sumar erum við að fara að halda fjölda tónleika. Við ætlum að fara á einhverja litla staði og spila lögin okkar í akústískum búningi þar sem kvikmyndatökulið mun fylgja okkur.“

Það vekur athygli hve miklar pælingar og metnað Vigramenn leggja í sín verkefni, en eru þeir sem sagt svona miklir listamenn? „Ja, ég veit það nú ekki. Við tökum okkur nú ekkert alltof hátiðlega,“ svarar Bjarki og hlær.





# Tónlistar veisla

DAGANA 1. - 4. JÚNÍ Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI

NÝR **TÓNLIST.IS** & **BECK'S** KYNNA

**BANG GANG** AGENT FRESCO

RETRO STEFSON **VALDIMAR** 1985

**JÓN JÓNSSON** CLIFF CLAVIN

OURLIVES **ÁRSTÍÐIR** ELLEN OG PÉTUR

**BENNY CRESPO'S GANG**

PÉTUR BEN **FRIÐRIK DÓR**

FARÐU INN Á  
TÓNLIST Á  
FACEBOOK  
OG ÞÚ GÆTIR  
UNNIÐ MIÐA!

KYNNTU ÞÉR  
DAGSKRÁNA Á TÓNLIST.IS





# SYNGUR Á SVIÐI MEÐ STÓRUM KLUMPI AF ÁST

Söngkonan **Stefanía Svavarsdóttir** á að baki langa bransaferilskrá miðað við ungan aldur en hún verður 19 ára seinna í sumar. Hún sagði **Monitor** frá söngferli sínum og nýja laginu.



**Nú barstu sigur úr bytum í Söngkeppni Samfés árið 2008. Hafðirðu lært einhvern söng þá?** „Nei, eða ég hafði farið á einhver söngnámskeið þegar ég var níu ára hjá Siggu Beinteins og svo fór ég í söng- og leiklistarnámskeið uppi í Borgarleikhúsi. Þar lærði ég meira kannski að koma fram en að syngja. Annars var ég búin að vera að syngja mikið og öll reynsla safnast náttúrliga upp.“

**Hvaða áhrif hafði það á þig sem söngkonu að sigra þá keppni?** „Það var í rauninni bara mjög stór stökkpallur. Ég fékk rosa mikla umfjöllun, það voru tekin viðtöl við mig og svo í kjölfarið fór ég að syngja með Stuðmönnum. Jakob Frímann hafði samband við mig því hann sá mig í Kastljósinu og þá fór boltinn aðeins að rúlla. Sigurlagið mitt var líka aðeins spilað á Rás 2 þannig að fólk kannaðist aðeins við mig. Ég var svona „gellan sem vann Samfés“, þannig að þetta var smá dæmi.“

**Eftir það tók sem sagt við spilamennska með Stuðmönnum. Hvernig var það fyrir 16 ára stelpu að taka að sér fyrrum stöðu sjálfrar Ragnhildar Gísladóttur?** „Það var virkilega gaman. Það var brjáláð stökk að fara af sviðinu í Laugardalshöll á Samfés og svo bara á Stuðmannaböil úti um allt land. Það var auðvitað ótrúlegt að spila með svona köllum sem vita allt, maður lærir alveg hrikalega mikið af því bara að hlusta á þá.“

**Áttu þér uppáhaldslag með Stuðmönnum?** „Já, það er ekki eitt af frægustu lögnum þeirra. Það heitir Ærlegt sumarfrí. Það er gamalt Louis Prima-lag, ég er svolítið fyrir svona gamalt djass og soul.“

**Þú tókst þátt í Beyoncé-tribute sýningu í fyrra. Hvernig var það að fíkra sig áfram sem hin íslenska Beyoncé?** „Ég var reyndar í bakröddum, en það var alveg ótrúlega skemmtilegt því það mætti segja að Beyoncé væri stærsta stjarnan í heiminum. Maður er náttúrliga búinn að alast upp við að hlusta á Destiny's Child og þau lög voru einmitt tekin í sýningunni. Þá var ég í hlutverki Michelle.“

**Svo þú varst í raun hin íslenska Michelle. Var þess krafist að þið dönsuðuð eins og Destiny's Child?** „Við fórum upp í X-form þar sem við vorum settar á hæstu hælana okkar og látnar „strut our stuff“, eins og þeir segja. Það var svona til að fá smá „attitúd“ í okkur.“

**Þú hefur sem sagt komið víða við á stuttum ferli. Með hverjum hefur verið skemmtilegast að vinna?** „Það var rosalega gaman að vinna með Stuðmönnum. Svo hef ég líka aðeins verið að vinna með Magga Kjartans, bara að spila aðeins með honum úti á landi. Það er rosalega skemmtilegt því hann er bara svona einn stór klumpur af ást. Hann er svo frábær náungi. Svo söng ég inn á plötuna hans Björgvins Halldórssonar sem hann gaf út fyrir jól og það var frábært að kynnað honum.“

**Nú varstu að gefa út lag, Komdu til mín, sem er að rúlla af stað í spilun. Hvers konar lag er þetta?** „Þetta er svolítið svona poppskotið lag, svolítið sumarstemning í því.“ Lag og texti er eftir Örnólf Örnólfsson.

**Er það dæmigert fyrir það sem fólk má búast við frá þér?** „Já, í bland við aðeins meira rokk og djass.“

**Hvað er síðan framundan í sumar?** „Ég er að fara til Frakklands í alþjóðlegt tónlistarverkefni. Þar hitti ég krakka frá Frakklandi, Ítalíu, Finnlandi og fleiri löndum til að semja tónlist, taka hana upp, spila á tónleikum og bara geðveikt stuð. Vinkona mín sótti um og fékk pláss en komst svo ekki þannig að hún bauð mér að fara. Þetta er á vegum Seeds sem eru íslensk sjálfbóðaliðasamtök. Svo er ég líka að fara að taka upp eitthvað efni eftir Jóhann G., þannig að það er allt að gerast.“






# ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA Í HAUST?



SPENNANDI NÁM  
OG ÖFLUGT FÉLAGSLÍF







# FÉKK SÉR TATTU Á RASSINN FYRIR PÍTSUSNEIÐ

Fyrsta plata rapparans **Emmsjé Gauta** kemur út á næstu dögum og ríkir mikil spenna fyrir útgáfunni. **Monitor** ræddi við hann um rímurnar, grúppíurnar, Prince, auðveldar stelpur og auðvitað Facebook.

**Hvað varst þú gamall þegar þú byrjaðir að rappa?** Það var árið 2002, þá var ég þrettán ára. Þá kom ég fram á Rímnaflæði sem var fyrsta sviðsframkoman mín. Ég gat ekki hætt að rappa eftir það. Mér gekk ágætlega og var með góðan stuðningshóp með mér úr Breiðholti en lenti ekki í neinu sæti. Þarna byrjuðu allir að segja að ég væri mjög efnilegur. Fólk er reyndar enn að segja þetta við mig svo ég er búinn að vera efnilegur í tíu ár.

**Hver er þín helsta fyrirmynd í tónlistinni?** Ég á mér enga sérstaka fyrirmynd en tek eitthvað úr öllu sem ég er að hlusta á og reyni að notfæra mér þá eiginleika á einhvern hátt. Ég lít ekki upp til einhvers eins rappara en Michael Jackson hefur alltaf verið uppáhaldstónlistarmaðurinn minn. Það meikar samt ekki sens að hann sé fyrirmyndin mín í rappinu þó hann sé kóngurinn.

**Hvað heitir fyrsta lagið sem þú samdir?** Það heitir Reykjavík og ég rapaði það á Rímnaflæði árið 2002. Ég ætlaði að taka tvö lög sem heita Reykjavík og Ljóti drjólinn en svo mátti bara taka eitt lag í keppninni. Þeir sem voru að skipuleggja keppnina héldu að lagið hétu Reykjavík og Ljóti drjólinn svo það var prentað á dagskrána í misskilning. Ég var einmitt að hlusta á þetta lag um daginn og það er alveg út úrkortinu, bara einhver tilviljanakennd orð og eitthvað bull.

**Hvaðan sækir þú innblástur fyrir rímurnar?** Í daglegt líf. Ég skrifa um það sem ég lendi í og spinn í kringum það.

**Lagið Elskum þessar mellur sem þú gafst út með Blaz Roca sló rækilega í gegn á síðasta ári. Er von á fleiri ástaróðum til auðveldra stúlkna frá þér?** Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér en ég held að það verði ekki mikið meira um ástarjátningar í þessum dúr. Elskum þessar mellur er gott lag og mér fannst fint að það sjokkeraði allar mömmurnar í bænum. Það er reyndar ástarlag á nýju plötunni og væmna hlið Emmsjé Gauta lætur sjá sig í því.

**Hvað áttu margar grúppír?** Hvað eru margar stelpur á Íslandi?

**Þú hefur nú þegar fyllt vinakvótann á Facebook. Hvar endar þetta?** Ég gerði smá mistök í því. Maður á náttúrulega að búa til aukasiðu fyrir tónlistina og hafa svo persónulega síðu fyrir

sig. Ég vissi ekki að maður gæti bara átt 5000 vini á Facebook og samþykkt bara alla. Vinur minn stofnaði aðdáendasíðu fyrir mig sem við stjórnum saman og mér finnst smá plebblegt að hún sé merkt sem slík en ég get ekki breytt því.

**Heimildir Monitor herma að þú hafir lengi verið með hattadellu. Hvað áttu margar hatta í dag?** Þetta er tímabil sem allir strákar lenda í á ævinni. Þeir halda að þeir líti geðveikt vel út með einhvern hatt og ég var aðeins of lengi á því tímabili. Þegar ég skoða gamlar myndir af mér sé ég að þessi hattur var ekki að gera sig. Núna er ég hins vegar að safna derhúfum sem er smá della.

**Eru flott derhúfa og væn motta að verða að ein-kennislúkki þínu?** Möllettið, mottan og derhúfan eru málið. Ég líkist reyndar smá nauðgaranum Josef Fritzl á einni mynd af mér og lít út svolítið eins og nammipervert með þessa mottu svo ég þyrfti kannski að fara að taka hana af.

**Hvað ert þú að gera fyrir utan tónlistina?** Ég er í Tækniskólanum í grafískri miðlun og svo vinn ég bæði á bar og við að hjálpa fötluðum manni að fara í sund og allskonar skemmtilegt.

**Hvað átt þú mikið eftir af stúdentsprófinu?** Ég á tvær annir eftir svo ég klára á næsta ári. Þegar ég segi fólki að ég sé í skóla verður það alltaf rosalega hissa. Ég setti til dæmis stúdentshúfu á mig um helgina í djóki og það kom gaur upp að mér, hló og sagði: „Ekki sjéns!“ Ég tók hana af mér, roðnaði og labbaði

skömmustulegur í burtu.

**Hvernig er dæmigerður dagur í lífi þínu?** Ég vakna, fer í freyðibað, kíkí kannski smá í PS3 og fer á netið. Dagarnir eru mjög misjafnir hjá mér. Stundum geri ég tónlist, stundum skeita og stundum hangi ég með vinunum. Mér finnst frekar leiðinlegt að plana dagana langt fram í tímann.

**Hvað tákna tattúin þín?** Ég er til dæmis með eitt tattú sem er fyrir vin minn sem lést í flugslysi árið 2007. Svo er ég með flott tattú á rassinum, lítið hjarta og fyrir ofan það stendur Júlíus. Þegar ég var 17 ára og mjög blankur í enda eins mánaðarins sagði ég við Júlíus vin minn: „Ég myndi gera hvað sem er fyrir Devito's pítsu.“ Hann leit glottandi á mig og ég gerði honum ljóst að ég

væri samt ekki að fara að sjúga hann. Þá stakk hann upp á að ég fengi mér þetta tattú á rassinn. Ég bætti þremur bjórum við áskorunina og svo héldum við á tattústofu. Tattúlistamaðurinn þurfti að hringja í mömmu og fá leyfi hjá henni því ég var yngri an 18 ára og hún leyfði þetta. Gaurinn spurði hana hvort hún gerði sér grein fyrir hvað ég væri að gera og þá sagði hún: „Ég er löngu búin að missa stjórn á þessu öllu saman.“ Eftir að ég fékk tattúíð fórum við á Devito's og ég borðaði bestu pítsu í heimi.

**Sagan segir að þú hafir eitt sinn komist í kast við lögin. Hvað var málið?** Djöfulsins leiðindi voru það. Við vorum nokkrir að rölta niður Laugavegin og mér fannst fyndið að setjast upp í löggubíl sem var þarna. Lögga tók þessu mjög alvarlega og handtók mig. Svo náðu þeir í einhvern róna sem var í annarlega ástandi og skutluðu honum heim. Mér var svo skutlað beint á lögrelustöðina.

**Hverju mega aðdáendur þínir búast við á nýju plötunni?** Nýju efni, ógeðslega fersku og fullt af gestasnillingum.

**Hver er staðan á íslensku rappi í dag að þínu mati?** Það er fullt af fersku dóti í gangi en mér finnst að fólk mætti vera duglegra að koma sér á framfæri. Þegar ég var yngri spilaði ég hvar sem ég gat. Það vantar svolítið í fólk núna.

**Hvað er það vandræðalegasta sem hefur komið fyrir þig á tónleikum?** Þegar ég hoppaði einu sinni út í áhorfendaskarann á grunnskólatónleikum. Greyið krakkarnir voru of litlir til að grípa mig og ég slammaði á gólfíð ásamt því að handleggssbrjóta svona fimm manns. Ég kláraði gíggið en var mjög illt í bakinu lengi á eftir.

**Hefur þú reynt að hafa samband við nafna þinn og kollega, hinn franska MC Gauta?** Það er helvíti skemmtilegt að hann sé til. Margir hafa peppað mig í að hringja í hann og gera lag með honum. Hann er reyndar hræðilegur rappari en kannski tókum við dúett saman einn daginn.

**Hvernig væri draumagíggið?** Ef ég gæti spólað aftur í tímann væri það á Hróarskeldu í fyrri. Ég myndi vilja taka lag eftir mig og Prins væri að spila á gítarinn. Tónleikarnir hans voru bestu tónleikar ævi minnar.

**Ef þú myndir hitta Prince úti á götu og fengir að spyrja hann einnar spurningar, hver yrði hún?** Má sleikja gítarinn þinn?

Emmsjé Gauti fagnar útgáfu plötunnar Bara ég með stórfenglegum útgáfutónleikum í Þjóðleikhúskjallaranum fimmtudaginn 9. júní. Ásamt Emmsjé Gauta koma fram á tónleikunum ótalmargir listamenn og má þar til dæmis nefna Blaz Roca, Friðrik Dór, Gnúsa Yones og Berndsen. Platan verður tekin í heild sinni og verður gripurinn auðvitað til sölu á staðnum. Að sögn Emmsjé Gauta fylgir gæðamjól fyrstu 100 miðunum svo það er um að gera að mæta tímanlega á tónleikana.



# Spiegelberg milli stanganna

**Hannes Þór Halldórsson** er þrátt fyrir ungan aldur einn af fremstu kvikmyndagerðarmönnum landsins, en eftir hann liggja meðal annars þáttaraðirnar *Atvinnumennirnir okkar* og *Mannasiðir Gillz*. Milli þess sem hann framleiðir vinsælt sjónvarpsefni ver hann mark *KR-inga* sem eru ósigraðir á toppi *Pepsi-deildarinnar*.

Texti: Björn Bragi Arnarsson  
Myndir: Ernir Eyjólfsson

bjornbragi@monitor.is  
ernir@mbl.is

Það er ólíklegt að einhver í heiminum sé í sömu stöðu og Hannes Þór Halldórsson. Hann er einn af eftirsóttustu kvikmyndagerðarmönnum landsins og markvörður í knattspyrnuliðinu sem trónir á toppi efstu deildar. Hannes vakti fyrst athygli sem auglýsingaleikstjóri og fyrir tónlistarmyndbönd sem hann gerði fyrir listamenn á borð við Garðar Cortes, Nylon, Skítamóral og í svörtum fötum. Árið 2008 gerði hann sjónvarpsþættina *Atvinnumennina* okkar sem slógu rækilega í gegn og nú í vetur leikstjóri hann *Mannasiðum Gillz* sem nutu ekki minni vinsælda. Þá er hann maðurinn á bak við til dæmis *King's Speech*-auglýsingu Hámarks og nýja *Coca Cola*-auglýsingu með U21-landsliðinu.

Hannes er 27 ára og kemur úr Breiðholti, en þar steig hann sín fyrstu skref í kvikmyndagerð með æskuvinum úr Fellaskóla milli þess sem hann æfði knattspyrnu með Leikni. Þaðan lá leiðin í *Verzló* og þrátt fyrir ótal áfanga í hagfræði og bókfærslu var kvikmyndagerð það sem hann hafði lært mest í þegar hann brautskráðist.

Hannes lék undanfarin þrjú ár með Fram en gekk til liðs við KR fyrir þetta tímabil. Hinn metnaðarfulli leikstjóri segir ekkert annað koma til greina en að hampa Íslandsmeistararitlinum í haust.

**Hvort ertu betri markvörður eða leikstjóri?** Ég held að ég sé betri leikstjóri. Ég neyðist til að viðurkenna það. Ég er finni markmaður, en betri kvikmyndagerðarmaður og stefnan er að láta þetta ganga saman eins lengi og hægt er. Þegar ég var að byrja var ætlunin að sinna báðum af fullum krafti þangað til annað hvort yrði að framtíðarferli. Eins og staðan er núna hangir þetta ágætlega saman og mér gengur vel á báðum vígstöðum og bæði veitir mér mikla ánægju. Það þarf auðvitað ansi margt að ganga upp til að ég fari út í atvinnumenskuna, en ég nýt hvernir mínútu í Vesturbænum.

**Hvernig fara þessi störf saman?** Eftir því sem það gengur betur í kvikmyndabransanum verður erfiðara að samræma þetta. Sem auglýsingaleikstjóri er þetta allt í lagi þar sem tökurlanda bara yfir í einn eða tvo daga. En eftir að ég fór að gera þessar sjónvarpsseríur og það var verið að hafa samband við mig út af lengri tökum og þáttaseríum, þá er ég farinn að finna fyrir því að ég get ekki tekið allt að mér út af boltanum. Ég get í rauninni bara farið í langar tökurlandi í október því það er eina fríð sem ég fæ frá boltanum. Ef ég ætla að gera bíómynd á næstu fimm eða tíu árum þarf hún að vera tekin upp í október og klippt yfir veturinn. Það væri erfitt fyrir mig að skjóta myndir á sumrin, en svona verður þetta bara að vera. Það er það gaman í boltanum og ég vil geta gert bæði og þá verður maður að fórnar einhverju.

**Hefur þú einhvern tímann hugsað um að hætta í öðru til að einbeita þér að hinu?** Já ég hef gert það. Þegar ég fór á reynslu til Vikings í Noregi haustið 2008, á sama tíma og ég var að fara að gera *Atvinnumennina* okkar. Ef ég hefði fengið samning þar hefði ég farið í það dæmi af fullum krafti og fórnar hinu, þó að það væri mjög spennandi sería sem lá fyrir. Þá hefði ég valið fótboltann. Planið var alltaf að verða atvinnumaður í fótbolta og skrifa kvikmyndahandrit í frítíma mínum. Koma svo heim eftir 10 ár í atvinnumenskunni og fara að gera kvikmyndir upp úr öllum handritunum (hlær). Að spila fótbolta í KR er kannski eins nálægt því að vera í atvinnumenskunni og maður kemst á Íslandi þannig að ég er mjög sáttur í dag.

**Hvernig byrjaði þetta allt saman? Hvenær fékkstu bakteríu fyrir kvikmyndagerð?** Þetta byrjaði í grunnskóla þegar við félagarnir fórum að gera stuttmyndir. Ég er náttúrulega enginn Brad Pitt þannig að ég endaði einhvern veginn alltaf fyrir aftan kameruna. Ég hafði áhuga og fann mig vel í þessu. Þegar ég var í *Verzló* fór ég á fullt í þessu og fór að gera stuttmyndir og þætti, dálítið á kostnað skólans, mömmu til mikillar ánægju.

## ÞAÐ SEM RAUNVERULEGA SKIPTIR MÁLI

**Þú ert tilnefndur til Óskarsverðlauna sem besti leikstjóri fyrir *Leynilöggumyndina*. Sama kvöld og Óskarinn fer fram er KR að spila í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar í fyrsta skipti. Hvort verður fyrir valinu?** Mjög góð spurning en ég neyðist til að fórnar Óskarnum. Auðdi fer fyrir mína hönd og fær að baða sig í sviðsljósinu, hann hatar það ekki.

**Hvaða leikara langar þig mest að leikstýra?** Hödda Magg í *Leynilöggumyndinni*.

**Með hvaða markverði langar þig mest að fara með í sumarbústað í þrjár nætur?** Birki Kristins. Get ekki ímyndað mér skemmtilegri helgi. Í öðru sæti er Heurrelo Gomes. Ég myndi vilja gefa honum nokkra bjóra og spyrja hvernig honum líður.

**Ef þú yrðir að horfa á eina bíómynd þrisvar í röð, hver yrði fyrir valinu?** Ég fæ aldrei nóg af *Jurassic Park*.

**Hvað finnst þér um að heita Hannes?** Hannes er ekki harðasta nafn sem þú finnur en á móti býður það upp á fullkomið nafn fyrir son minn, sem mun að sjálfsgöðu heita Ingólfur.

**Gillz, Steindi Jr. og Páll Óskar. Hverjum viltu búa með, hverjum viltu byrja með og hvern viltu berjast við?** Ég myndi vilja búa með Steinda af því að hann hefur svo þægilega nærveru, byrja með Gillz af því að hann er fyndinn, hreinslegur og alltaf í vinnunni, og berjast við Pál Óskar af því að ég myndi líklegast ráða við hann.

**Þú þarft að fara í sleik við karlmann, hver verður fyrir valinu?** Antoine Fons.

**Hvað er það síðasta sem þú hugsar um áður en þú ferð að sofa?** Djöfull er Alec Baldwin fyndinn.

**Fyrir hvern myndir þú aldrei búa til auglýsingu?** Ég myndi seint gera auglýsingu fyrir eitrufljásala, af mörgum ástæðum.

Ég hafði alltaf mjög gaman af þessu og þjálfaðist upp. Svo leiddi eitt af öðru og ég reyndi að troða mér í þetta eftir að ég útskrifaðist. Það hefur gengið ágætlega að feta sig upp stigann.

**Ertu sjálfærður eða hefur þú menntað þig eitthvað í þessu?** Ég held ég hafi farið á eitt námskeið í menntaskóla sem voru einhverjar tvær kvöldstundir. Það er eiginlega allt og sumt þannig að það má segja að ég sé sjálfmenntaður. En ég er ekkert feiminn við að viðurkenna það þegar ég rek mig á einhverja vegg. Þeir tökumenn sem ég vinn með eru alveg meðvitaður um að ég veit ekkert hvað allar linsur eða ljós heita. Ég hef einhverja tilfinningu sem ég reyni að fylgja og ég er finni klippiari, en það er helling sem ég kann ekki. Þess vegna vinn ég alltaf með fagmönnum sem vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera. Það er fullt sem ég kann ekki sem ég hefði örugglega lært í einhverjum kvikmyndaskóla, en að sama skapi hef ég lært helling sjálfur á undanförunum árum sem er ekkert endilega kennt í skólum.

**Hvernig voru fyrstu skrefin frá því að vera efnilegur menntaskólakvikmyndagerðarmaður yfir í að verða alvöru leikstjóri?** Eftir að ég útskrifaðist úr *Verzló* árið 2004 fékk ég vinnu í Sagafilm sem aðstoðarmaður eða eins konar lærlingur. Þar var ég hálfgerð dyramotta, var á lúsalaunum og hafði ekkert að gera og engan tilgang í fyrirtækinu. Var bara ráfandi um húsið að þykjast hafa eitthvað að gera. Ég byrjaði einmitt að drekka kaffi þegar ég var í Sagafilm því ég var alltaf að fara upp á efrni hæðina að fá mér kaffi og fara niður aftur, bara til að vera á ferðinni og þykjast vera að gera eitthvað. Það var samt góð reynsla að vera þarna.

**Voru menn að gefa þér skít á þessum fyrstu árum þínu?** Þegar ég var að vinna við þættina *Kallakaffi*, einmitt við það að búa til kaffi, var Gaui litli leikmynda-

hönnuður. Ég man hvað ég var pirraður á því að Gaui litli kallaði mig aldrei með nafni, en talaði alltaf um mig sem „litla strákinn“ þó ég væri 193 sentimetrar. „Segið litla stráknum að fara með draslið þarna...“ Það er smá stéttarskipting í þessum bransa og stundum borin lítill virðing fyrir aðstoðarfólki, en ég lærði það á þessum tíma að vera kurteis við alla sem koma að verkefnum. Það hafa allir í teyminu eitthvað fram að færa og maður á ekki að vera með neinn hroka. Það er fínt að hafa fengið að prófa að vera á báðum endum í framleiðslunni.

**Um svipað leyti gerðir þú tónlistarmyndbönd sem vöktu á þér athygli. Já, ég og Bragi Þór félagi minn höfðum samband við Einar Bárðarson sem var þá nýbúinn að setja saman Nylon. Við sýndum honum það sem við höfðum verið að gera í *Verzló* og buðumst til að leikstýra myndböndum ódýrt – hann myndi setja smá pening í þau en við tækjum ekkert fyrir vinnuna. Við gátum þannig leigt tökumann og ljós, en gerðum þetta annars eins ódýrt og hægt var. Mamma kom með lasagna á tókustað og þetta var svona heimilisleg stemning. Þessi myndbönd gengu vel og smám saman fór að spyrjast út að ég gæti gert ódýrar auglýsingar vel. Ég fór að taka að mér fleiri verkefni, stofnaði kennitölu og varð eins konar lítið framleiðslufyrirtæki. Í kjölfarið var mér boðið að koma inn í fyrirtækið Filmus sem leikstjóri.**

**Er ekki óhætt að segja að þú hafir fyrst „slegið í gegn“ sem leikstjóri með *Atvinnumönnum okkar*? Jú það mætti orða það þannig. Ég held að þar hafi spurst út fyrir alvöru að ég gæti eitthvað. Í kjölfar þessara þátta fór ég að fá mun stærri verkefni og þá fóru hlutirnir að gerast af einhverri alvöru. Atvinnumennirnir okkar voru æðislegt verkefni og maður var eiginlega að klípa sig allan tímann og hugsa hverslags forréttindi það væru að vinna við þetta. Að ferðast um alla Evrópu og heimsækja atvinnumenn í íþróttum.**

**Ef ég fer aldrei í atvinnumenskuna held ég að ég eigi alltaf eftir að vera svolítið pirraður yfir því að hafa ekki náð að áorka því.**

**Hvað er það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar ég spyr þig um eftirminnlegt móment í gerð þáttanna?** Það var í fyrsta lagi ógeðslega gaman að heimsækja alla þessa gaura. Þeir voru allir höfðingjar heim að sækja og buðu okkur í matarveislu og voru góðir á því. Eftirminnlegt móment, sem er líka bara eitt af því eftirminnlegasta sem ég hef gert í lífinu, var að sitja í bíl með Eiði Smára á leiðinni á El Clásico (leikur Barcelona og Real Madrid). Að sitja inni í stofu heima hjá honum að kúka á okkur af stressi á meðan hann var silkislakur þó að hann væri að fara að spila stærsta fótboltaleik í heimi. Ég hafði aldrei séð svona stóran fótboltaleik og vissi ekkert út í hvað við vorum að fara og ég var að drepa úr spennings og stressi. Líka bara spennungrinn yfir því hversu rándýrt atriði var að malla inn í kameruna. Svo nálguðumst við völlinn og það fór að myndast múgæsingur í kringum bílinn, einhverjir aðdáendur að berja á rúðurnar og öskra: „Gúddi, Gúddi.“ Svo fengum við að horfa á leikinn þarna á hliðarlínunni og það að labba inn á grasið á troðfullum Nou Camp var magnað. Allt þetta kvöld var eitt það geðveikasta sem ég hef upplifað.

**Uplifunin af Nou Camp hefur verið aðeins sterkari en upplifunin að labba inn á völlinn í *Pepsi-deildinni*. Já það er aðeins önnur stemning, þó að það taki nú alveg á taugarnar að labba inn á völlinn í *Pepsi-deildinni*. Þegar við vorum úti sagði ég Audda frá rútínunni sem ég hef fyrir leik, sem er að fara í göngutúr um hverfið,**





■ ■ Á svona erf-  
iðum tímum  
slær maður í klárinn  
og hugsar með sér:  
„Núna ætla ég að gera  
eitthvað ódauðlegt.“



spretta upp brekku og fara í kalda sturtu. Auddi sagði Eiði Smára frá þessu í bílnum á leiðinni á Nou Camp og hann hló mikið að þessu. Á meðal Eiður var pollrólegur yfir El Clásico töluðu þeir um að það væri kannski nágrannslagur milli Fram og Þróttar og þá væri Hannes mættur í köldu sturtuna (hlær). Alltaf þegar ég tala við Eið spyr hann mig hvað sé að fréttu af rútínunni. Ég hef boðist til að sýna honum göngustíginn ef hann vill fara að gera eitthvað af viti í boltanum.

**Hvernig var að leikstýra Mannasiðum Gillz?** Þetta var í raun í fyrsta skipti sem ég tekst á við leikið efni. Þetta var stórt og spennandi verkefni sem var mjög gaman að takast á við. Við fengum marga góða leikara í þættina og það var gaman að kynna þeim. Egill er líka hvers manns hugljúfi og það er gaman að vinna með honum. Hann er fyndinn og skemmtilegur og fær toppinkunn frá mér. Það var auðvitað mjög gaman hvað þetta gekk vel og hvað það var vel tekið í þetta. Við renndum svolítið blint í sjóinn í byrjun, vorum með nýtt form sem við vissum ekki hvernig myndi ganga í fólk og Egill alltaf með einhverjar blammeringar hægri vinstri í fjölmiðlum að pirra einhverja femínista (hlær). En þetta gekk rosa vel og það verður gerð önnur serie sem verður skotin í október og sýnd væntanlega í byrjun næsta árs.

**Þú gerðir Leynilöggu trailerinn með Audda og nú hefur verið rætt um að þið ætíð að gera bíómynd. Hvað er að fréttu af því?**

Við Auddi heyrumst reglulega og það er kominn smá hópur sem ætlar að skrifa handrit að mynd og stefnan er að gera það í sumar. Sena vill taka þátt í að framleiða myndina. Menn eru hins vegar uppteknir í öðrum verkefnum líka og það gengur misauðveldlega að húa saman hópnum. En það er kominn söguþráður og það er eitthvað að malla. Ef þessi mynd verður að veruleika held ég að hún verði mjög fersk og eitthvað sem við erum ekki vön í íslensku kvikmyndagerð. Hreinræktuð gamanmynd en líka hasar með spennu, sprengingum, bankaránum og geðveiki. Eftir því sem ég hugsar

meira um þessa mynd verð ég spennari fyrir því að gera hana.

**Eru engin misheppnuð kvikmyndaverkefni á ferilskránni?** Ég hef einu sinni tekið að mér að mynda brúðkaup. Ég geri það ekki aftur. Þetta var mjög flott brúðkaup, mikið fjölmenni og gestir frá öllum heimshornum. Ég var búinn að mynda alla veisluna, ræðurnar og allt þegar myndavélin varð batterislaus. Ég hélt ég væri búinn að standa mig rosalega vel og væri búinn að ná flestöllu og fór út í bíl til þess að sækja annað batterí. Þegar ég er í lyftunni á leiðinni upp í sal heyrir ég að það er eitthvað rosalegt í gangi. Ég kem inn og þá er brúðguminn að hneigja sig undir standandi lófaklappi og ég stóð þarna með myndavélina í annarri hendi og batteríð í hinni og hugsaði bara: „Hverju var ég að missa af hérna?“ Þá hafði brúðguminn sem sagt farið upp á svið og sungið lag til brúðarinnar á átta tungumálum, eitthvað svakalegt atriði sem var algjör hápunktur veislunnar.

**Nýjasta verkefni þitt er auglýsingar fyrir Coca Cola með leikmönnum U21-landsliðsins. Hvernig var það?** Það var æðislegt verkefni frá á til ó. Það var „Atvinnumennirnir okkar-stemming“ yfir því, við ferðumst um Evrópu í 25-30 stiga hita og hittum atvinnumenn í fótbolta. Það er líka ákveðinn heiður að fá að gera auglýsingu fyrir Coca-Cola, það hefur ekki verið gerð íslensk Kók-auglýsing í næstum 10 ár, eða síðan Eiður Smári lék í auglýsingunni með litla Blikanum. Öll verkefni fyrir Coca-Cola þurfa að fara í gegnum mikið samþykktarferli og menn hafa ekki fengið neitt í gegn í mörg ár. En það er greinilegt að U21-landsliðið er að hitta á réttar taugar því það fékkst grænt ljós á verkefnið. Síðan þarf Coca-Cola úti að samþykkja auglýsinguna eftir að hún er tilbúin. Þetta er auðvitað stærsta vörumerki í heimi sem hugsar vel um sína ímynd og það var gæðstimpill að þeir skyldu hleypa henni í gegn óbreyttri.

**Nefndu mér einhvern sem þér hefur fundist einstaklega skemmtilegt að vinna með.** Ég kann að meta að vinna með fólk sem hellir sér í verkefni af lífi og sál og maður finnur að er tilbúin að gera allt til að skila sem bestu verki. Páll Óskar er gott dæmi. Við gerðum saman tónlistarmyndband (Allt fyrir ástina) fyrir nokkrum árum þar sem við eyddum mörgum vikum í undirbúning og engu var til sparað. Ef það þurfti að sauma búning eða útbúa einhverja leikmuni voru engar mála- miðl-

## HVERJIR FÁ HLUTVERKIN?

**Þú átt að leikstýra spennumynd með þremur íslenskum knattspyrnumönnum í hlutverki hetjunnar, vonda karlsins og heimsku löggunnar. Hverjir fá hlutverkin?** Hetjan verður Hermann Hreiðarsson. Gunnleifur Gunnleifsson leikur vonda kallinn en hann myndi þurfa að krúnuraka sig fyrir hlutverkið. Ég sé lögguna fyrir mér með derhúfu þannig að Kristján Guðmundsson hreppir hlutverkið.



**Í sömu spennumynd þarftu að ræða tvo íslenska knattspyrnuþjálfara, annan í hlutverk forseta Bandaríkjanna og hinn í hlutverk gjörspilts útsendara FBI. Hverjir fá hlutverkin?** Forseti Bandaríkjanna yrði óstripaður Heimir Hallgrímsson. Hið fullkomna hlutverkaval verður svo Eyjólfur Svverisson sem gjörspilltur FBI-útsendari.



**KR-liðið er að fara að spila bikarúrslitaleik en sóknarmennirnir og þjálfarinn eru frá með magakveisu. Þú þarft að velja einn leikara til að leika þjálfara KR og annan leikara til að leika sóknarmann KR-liðsins. Hverjir fá hlutverkin?** Þetta eru mjög steiktar aðstæður. Þjálfari KR yrði drykkfældur og leikinn af Presti Leó sem myndi flytja hádramatíska hvatningarræðu í hálfleik sem snýr töpuðum leik okkur í hag. Framherjinn sem skorar sigurmarkið verður leikinn af Þorvaldi Davíð sem þyrfti þó að massa sig upp um 20 kíló fyrir hlutverkið.



anir, það var bara gert. Hann var algjörlega „all-in“ og ástríðan smitaðist um leið út í verkefnið. Hann sýndi mér endalaust af ljósmyndabókum og DVD-myndum í undirbúningnum. Það er gaman að segja frá því að eina sjónvarpið sem hann á er inni í svefnherbergi og það var eftirminnileg stund að liggja uppi í rúmi með Páli Óskari að horfa á DVD.

**Þú hefur verið valinn í landsliðið en átt eftir að spila landsleik. Hvenær sjáum við það gerast?** Ég er farinn að horfa aðeins öðruvísi á landsliðið en áður. Einu sinni var það takmark númer eitt, tvö og þrjú að komast í landsliðið. Núna er ég hættur að hugsa þannig og vil bara einbeita mér að því að vinna leiki fyrir KR og ná árangri þar. Ef það gengur og við stöndum okkur vel í Vesturbænum hef ég trú á að hitt komi í kjölfarið. Maður er verðlaunaður ef maður stendur sig vel. Það að spila fyrir landsliðið er auðvitað markmið allra sem eiga möguleika á því og yrði draumur að upplífa, en það er ekki eitthvað sem ég horfi á dags daglega og ég er ekki að stressa mig á því.

**Gætir þú hugsað þér að fara út í atvinnumennskuna núna ef þú fengir gott tilboð?** Já það væri mjög gaman að prófa það. Ef ég fer aldrei í atvinnumennskuna held ég að ég eigi alltaf eftir að vera svolítið pirraður yfir því að hafa ekki náð að áorka því. Ég myndi örugglega láta reyna á það þótt það myndi kosta einhverja fjarveru frá kvikmyndabransanum.

**Hvar verður þú á þrítugsafmælinu þínu?**

Væntanlega blindfullur einhvers staðar. En þú meinar í lífinu? Ég verð örugglega að spila fótbolta með KR. Ég er með fjögurra ára samning í Vesturbænum og verð vonandi búinn að fagna glæstum sigrum þar. Verð búinn að gera bíómynd og með fullt af járnnum í eldinum.





# KÓRÓNAÐU DAGINN



**HÁMARK - KONUNGLEGUR PRÓTEINDRYKKUR**




## Vill geta hlaupið í brúðkaupinu

Orðið á götunni er að söngkonan og hönnuðurinn Lily Allen muni skarta kjól frá Karl Lagerfeld er hún giftist unnustanum Sam Cooper í sumar. Hún vill enn ekki gefa mikið upp um kjólinn en fór út í ítrustu smáatriði varðandi skófatnað sinn á stóra deginum



í nýlegu viðtali við breska Vogue. Hönnuðurinn Rupert Sanderson mun sjá um að hanna skóna. „Hann ætlar að gera flatbotna skó fyrir mig ásamt því að hanna hæla svo ég geti bæði verið elegant og hlaupið upp og niður hæðir,“ sagði Allen í viðtalinu. „Það er mjög sniðugt að hafa tvö pör, ég vona bara að það fari ekki að rigna,“ bætti söngkonan við og sagðist vera mjög spennt fyrir stóra deginum. Ekki er þó komið alveg í ljós hverju hún mun klæðast en Allen segist yfirleitt klæða sig eftir því hvernig skapi hún er í á hverjum degi fyrir sig. „Ég fer alltaf í fót sem ég held að muni gleða mig.“



## Kim fékk drauma-hringinn

Kim Kardashian hefur lengi dreymt um draumaprinsinn og hinn fullkomna trúlofunarhring að eigin sögn. „Þegar ég var unglingsstelpa fór ég stundum í Macy's og keypti mér gervitrúlofunarhring sem var fullkominn að mínu mati,“ segir hún í viðtali í nýjasta tölublaði tímaritsins People. „Hringurinn sem Kris gaf mér er næstum því alveg eins,“ sagði hin nýtrúlofaða Kim um hringinn sem unnustinn Kris Humphries gaf henni nýlega. Hringurinn er hannaður af Lorraine Schwartz sem hannaði einnig trúlofunarhring söngkonunnar Beyoncé. Kim segist mjög ánægð með klassíska hönnun hringins sem er meira en 20 karöt en Kris var með einfalt hugarfar þegar hann fór og keypti hringinn. „Ég vissi bara að ég vildi kaupa risastóran hring,“ segir hann í viðtalinu í People en hið nýtrúlofaða par er einmitt á forsíðu tölublaðsins, brosandí út að eyrum.



STRÁKARNIR Í N SYNC SLÓGU ÖLL MET Í HALLÆRISLEGU HÁRI Á SINUM TÍMA

# Hárgreiðslur úr helvíti

Stjörnurnar elska að prófa sig áfram með frumlegum hárgreiðslum. Sumar þeirra eru þó misheppnaðri en aðrar og hér eru nokkrar sem enginn ætti að leika eftir.



SCARLETT LEIT ÚT EINS OG UNGLINGSSTRÁKUR MEÐ SÍTT AÐ AFTAN



JENNIFER LOVE HEWITT SVAKA SMART ÁRÍÐ 2000



ÞEGAR GWEN STEFANI SÖNG ENN MEÐ NO DOUBT VAR HÁRÍÐ HENNA Í RUGLINU




LADY MARMALADE DAGAR CHRISTINU AGUILERA VORU VEGAST SAGT HRÆÐILEGIR



MEIRA AÐ SEGJA SALMA HAYEK GETUR MISSTIGIÐ SIG HRAPLEGA Á HÁRGREIÐSLUSTOFUNNI



ALICIA KEYS PÚLLAR EKKI ELVIS-GREIÐSLUNA



ÁRÍÐ 2001 VAR ERFITT FYRIR HÁRSVÖRD CHRISTINU AGUILERA



HÁRGREIÐSLAN HINDRAÐI TYRU EKKI Í AÐ GEFA FRÁ SÉR HINN ALRÆMDA FIERCE SVIP



HVAÐ VAR HÚN AÐ HUGSA?

## Klippt & skorið

Kjólar með stórum götum eða rifum hafa verið mjög áberandi í Hollywood að undanfögnu. Stjörnurnar keppast við að sýna hversu góðu formi þær eru í og ganga sumar heldur lengra en aðrar í kroppasýningunni.



ANNA PAQUIN



BRITTANY SNOW



CIARA



HALLE BERRY



KAROLINA KURKOVA



KATY PERRY



KIM KARDASHIAN



LEIGHTON MEESTER



MILA KUNIS



NICOLE RICHIE





**SKRÍTNASTA**

Ég tók buffalótiskuna á hærra plan þegar ég keypti þetta tímalausa meistarastykki. Ég vildi að ég gæti sagt að ég hafi keypt skóna í djóki og aldrei notað þá en sú er raunin ekki. Ég gekk í þeim ófeimin og skammast mín enn ekki nógu mikið til að henda þeim.



**BESTA**

Ég keypti þennan bol á einn dollara í St. Louis þegar Vicky var á tónleikaferðalagi þar. Hann hefur alla kosti góðrar flíkur: hipp, kúl, fáránlega ódýr og vekur upp skemmtilegar minningar.

# Bláu buffalóskórnir tímalausast meistarastykki

**Stíllinn** er óstöðvandi í ferðum sínum um fataskápa íslenskra stúlkna. Þessa vikuna var kíkt til **Eyglóar Scheving**, söngkonu hljómsveitarinnar **Vicky**.



Hljómsveitin Vicky er ein af þeim heitustu í dag og er um þessar mundir að leggja lokahönd á fyrstu breiðskífu sína sem kemur út innan tíðar. Lagið Feel Good er fyrsta lagið til að fara í spilun af plötunni og hefur það fengið frábærar viðtökur. Eygló hlakkar því til að klára plötuna og fylgja henni eftir í sumar. „Það er ótrúlega margt spennandi á döfinni hjá mér í sumar,“ segir Eygló sem er auk þess að

vera söngkona í hljómsveitinni Vicky að fara að opna kaffihús undir Eyja-fjöllum með mömmu sinni í sumar. „Við erum að breyta gömlu fjósi í kaffihús,“ útskýrir Eygló spennit fyrir sumrinu.

**Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn?** Mér finnst ótrúlega gaman að sjá

hversu margir íslenskir hönnuðir eru að gera flotta og ólíka hluti. Ég ætla að nefna Söru Dögg Alfreðsdóttur sem er nýútskrifuð úr hönnunarskóla í Flórens og ótrúlega efnileg. Hún er einmitt að vinna með okkur í Vicky að sameiginlegu verkefni.

**Hversu mörg skópör átt þú?** Ég á alltof mörg skópör sem ég nota ekki neitt og skuggalega lítið af skóm sem ég nota af einhverju viti.

**fataskápurinn**

**Ef þú þyrftir að fá þér tattu, hvað myndir þú fá**

**þér og hvar?** Ég myndi sennilega fá mér stórt akkeri á upphandlegginn eða eitthvað sem mér fyndist rosalega fyndið á þeim tímamarki. Það er líka ástæðan fyrir því að ég er ekki með tattu.

**Hvaða flík er ómissandi fyrir sumarið að þínu mati?** Á sumrin ert þú einungis jafn töff og sólgleraugun sem þú ert með.



**DÝRASTA**

Ég á mjög lítið af dýrum fötum en þessi dýrgripur er frá Andreu og er sá dýrasti sem ég hef keypt mér í seinni tíð. Hann er samt hvernar krónu virði.



**FLOTTASTA**

Ég elska kjóla og klæðist þeim daglega. Þennan keypti móðir mín fyrir mig í Tyrklandi og mér finnst þetta nokkuð vel valið hjá gömlu. Hann er mjög flottur og svolítið sexi.

**ELSTA**

Leðurkápuna er ég með í láni frá ömmu minni. Hún er ótrúlega falleg og flott í sniðinu en gengur samt bara við mjög fin tilefni, annars dettur hún svolítið í goth-filinginn.



**NÝJASTA**

Ég keypti þessa tösku í Frakklandi um síðustu helgi. Það má snúa henni við og nota á báða vegu. Ég elska svona sniðuga hluti!



**ÞÆGILEGASTA**

Þessa peysu keypti ég í Gyllta kettinum fyrir þremur árum og hef eiginlega verið í henni síðan. Hún er ótrúlega þægileg, falleg og passar við allt.

the little shop of vintage  
**lóla**

**Ný Vintage Fataverzlun**

**SANNGJÖRN VERÐ!**

LAUGAVEGI 55 | Sími 669-0010  
WWW.LOLA.IS





GEIR JÓN VÆRI TALINN LÍTILL  
VIÐ HLIÐ ÞESSARAR LÖGGU

# Alt muligt maðurinn Shaq

Körfuboltastjörnunni **Shaquille O'Neal** er fleira til lista lagt en að troða yfir andstæðinga sína inni á körfuboltavelli.

Í nýliðavali NBA-deildarinnar árið 1992, fyrir bráðum 20 árum, var risavaxinn strákur valinn í lið Orlando Magic og hefur íþróttasenan vestanhafs ekki verið söm síðan. Flestir þekkja tröllvöxnu körfuboltastjörnunna Shaquille O'Neal, 216 cm á hæð og 147 kg, en körfuboltamaðurinn hefur einnig látið að sér kveða á öðrum sviðum með áhugaverðum árangri.

## Stóri-Aristóteles

Shaq hefur um áraraðið verið uppáhald íþróttablaðamanna í Bandaríkjunum en fyndin uppátæki hans á blaðamannafundum eru endalaus. Má þar nefna tilfelli þar sem hann hefur gert óspart grín að blaðamönnum en einnig sjálfum sér. Oftast talar hann þó vel um sjálfan sig og hefur hann til dæmis kallað sjálfan sig Stóra-Aristóteles, enda virðist hann eiga nóg af viskumolum uppi í erminni. Á netinu má einmitt finna heilu síðurnar með tilvitnunum í Shaq, svo sem: „Leikurinn minn er eins og regla Pýþagórasar. Það er engin lausn við honum.“

Þótt tilvitnunin gefi ekki til kynna að maðurinn hafi lært mikla stærðfræði hefur hann þó lokið við mastersgráðu í háskóla og fyrir rúmu ári hóf hann eins konar fjarnám frá háskóla í Miami í mannauðsstjórn.

Shaq hefur einnig lokið við þjálfun sem lögreglumaður og gegndi um tíma stöðum innan lögreglunnar í Los Angeles.

## Shaq Attack í X-Men 2

Eins og sönn stórstjarna hefur Shaq að sjálfsögðu reynt fyrir sér í sjónvarpi og á hvíta tjaldinu. Leikaraferillinn fór af stað með myndinni Blue Chips árið 1994 þar sem hann lék ungan körfuboltamann. Tveimur árum seinna kom hann fram í hlutverki töfraanda sem birtist út úr steriógræjum til að veita ungum stráki þrjár óskir í myndinni Kazaam. Báðar myndirnar fengu algjöra falleinkunn þótt sjálfur hafi Shaq grínast með að hann hafi fengið Óskarinn fyrir þá fyrri. Ásamt því hefur hann leikið sjálfan sig í ýmsum þáttum, lánað ímynd sína í fjölda tölvuleikja og birst sem teiknimyndafígúra í Johnny Bravo. Áður en ráðist var í tölur á myndinni X2, annarri myndinni um X-Men, lýsti hann yfir áhuga á að hreppa hlutverk í myndinni en því miður fyrir heimsbyggðina rættist óskir ekki.

Shaq O'Neal hefur einnig stýrt sínum eigin sjónvarpsþáttum. Þeir eftirminnilegustu eru sennilega Shaq's Big Challenge, þar sem hann hvatti bandaríska æsku til að hreyfa sig meira og Shaq Vs., þar sem hann var fenginn til að skora á aðra íþróttamenn í þeirra íþróttgreinum. Ásamt því að vera atvinnumaður í NBA hefur hann stundað blandaðar bardagaíþróttir í áratug og skorað nokkra fræga bardagakappa á hölm. Forvitnilegt væri að vita hvort hann þyrði í okkar mann, Gunnar Nelson.



GEORGE OG GUTTI PÓSA MEÐ SKÓ SHAQ



GEORGE OG GUTTI PÓSA MEÐ SKÓ SHAQ

## GÆLUNÖFNIN

Shaquille O'Neal er þekktastur undir gælunafninu Shaq. Hér má sjá önnur gælunöfn mannsins:

- The Diesel
- Shaq Fu
- The Big Daddy
- The Big Cactus
- The Big Shaqtus
- The Big Galactus
- The Real Deal
- Dr. Shaq
- Shaqovic
- The Big Conductor



ÁSTIN SPYR EKKI UM HÆÐARMISMUN



## Hvað eru 92 kíló milli vina?

Eftir fimm ár í hjónabandi með Shaunie Nelson skildu þau að borði og sæng. Saman eignuðust þau fjögur börn en frumburð sinn eignaðist Shaq í fyrra sambandi. Börnin heita meðal annars Shareef, Amirah og Me'arah en O'Neal hefur sagt opinberlega að hann sé múslimi.


Árið 2010 komust fréttamenn á snoðir um samband Shaq og Nikki „Hoopz“ Alexander. Hoopz er þekkt andlit úr raunveruleikþáttum vestanhafs en þess má til gamans geta að hún er um 160 cm á hæð og 55 kg. Með öðrum orðum skilja þau að um 56 cm og 92 kíló. Sennilegt er að Hoopz geti farið í bað í skóm kærasta síns en hann er sagður nota skóstærð í kringum 60.



SHAQ MÆTTI TIL 35 ÁRA AFMÆLIS SÍNS MEÐ SNÆTÍGRISDÝR



SHAQ HEFUR NÚ ÁKVEÐIÐ AÐ LEGGJA SKÓNA Á HILLUNA



ÞAÐ MÆTTI KALLA SHAQ HINN BANDARÍSKA SESAR A

## Kobe, hvernig smakkast rassgatið?

Það var strax árið 1993 sem Shaq gaf út sína fyrstu rappplötu, Shaq Diesel. Þótt platan, og reyndar tónsmíðar Shaq eins og þær leggja sig, hafi aldrei beint hlotið lof gagnrýnenda, náði þessi frumraun hans platinumsölu. Síðan þá hefur þúsundþjálasmíðurinn Shaq gefið út fimm plötur til viðbótar, þar af eina safnplötu.

Sama hvað sagt er um rapptónlist körfuboltamannsins, þá er næsta víst að hann getur verið stoltur af ýmsu sem hann hefur áorkað en árið 1995 átti hann rappkafla í lagi poppkonungsins Michael Jackson á plötunni HIStory. Geri aðrir betur.

Annar athyglisverður atburður á rappferli Shaq var í júní 2008 þegar hann steig á stökk á klúbbi í New York og flutti „free-style“ rapp sem fjallaði fyrst og fremst um hve miklu betri hann væri heldur en Kobe Bryant. Þá rappaði Shaq beint til Bryant og það hann að segja sér hvernig rassgatið á honum smakkaðist við fögnuð viðstaddra. Eins og gefur að skilja fór upptaka af þessari upptöslu eins og eldur um sinu á netinu.





EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSSEN - 63 LEIKIR, 24 MÖRK



# ÍSLAND - DANMÖRK

## Á LAUGARDAG KL. 18:45

STYÐJUM VIÐ BAKIÐ Á STRÁKUNUM OKKAR!  
ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!

MÍÐASALA Á [MIDI.IS](http://MIDI.IS)  
FORSALA TIL OG MEÐ 3. JÚNÍ



*Alltaf í boltanum með KSI*

BORGUN



Lengjan

ICELANDAIR





Kvikmyndin **Kazaam** með **Shaquille O'Neal** í aðalhlutverki er með heila **2,5** í einkunn á **imdb.com**.

## FERILLINN



## January Jones

**Hæð:** 168 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Betty Draper í sjónvarpsþáttunum *Mad Men*.  
**Staðreynd:** Hannar skartgripur.  
**Eitruð tilvitnun:** „Ef þú hefur eitthvað til að sýna skaltu sýna það.“

**1978** Fæðist þann 5. janúar í bænum Sioux Falls í Suður-Dakóta fylki Bandaríkjanna.

**1996** Flutti til New York til að reyna fyrir sér í fyrirsætubransanum. Þrátt fyrir að vera heldur lágvaxin fyrir bransann nældi hún sér í nokkur hlutverk í auglýsingum og lék meðal annars í auglýsingu fyrir faraframleiðandann Abercrombie & Fitch.

**1998** Byrjaði með leikaranum Ashton Kutcher.

**1999** Fékk sitt fyrsta kvikmyndahlutverk í myndinni *All The Rage* sem fékk frekar slæma dóma og var ekki sýnd í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Myndin fær 5,6 í einkunn á IMDB.

**2001** Lék lítið hlutverk í unglingspennu-tryllinum *The Glass House* en fékk litla athygli fyrir frammi-stöðu sína. Sama ár kom hún fyrir í myndinni *Bandits*. Samband hennar og Ashton Kutcher endaði stuttu eftir frumsýningu myndarinnar.

**2002** Byrjaði með söngvaranum Josh Groban. Þau hættu saman þremur árum síðar.

**2003** Jones hélt áfram í örhlutverkunum og lék í kvikmyndunum *Anger Management* og *American Wedding* sem var ein af framhaldsmyndum *American Pie*.

**2007** Sló loks í gegn sem Betty Draper í sjónvarpsþáttunum *Mad Men*. Hún hefur tvisvar sinnum verið tilnefnd til Golden Globe og einu sinni til Emmy-verðlaunanna fyrir hlutverkið.

**2010** Byrjaði með handritshöfundinum og leikaranum Jason Sudeikis sem skrifar handrit að grínþáttunum *Saturday Night Live*.

**2011** Hætti með Sudeikis og tilkynnti tveimur mánuðum síðar að hún ætti von á barni.

## Frumsýningar helgarinnar

### X-Men: First Class

**Leikstjóri:** Matthew Vaughn.  
**Aðalhlutverk:** James McAvoy, Michael Fassbender, Jennifer Lawrence og January Jones.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 14 ára.  
**Lengd:** 132 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Egilshöll.

Hér er á ferðinni fjórða myndin í þessum vinsæla kvikmyndabálki og fjallar um upphafið



á X-mönnum. Myndin gerist á sjöunda áratugnum þegar X-mennirnir voru fyrst kynntir fyrir heiminum og er forsaga að hinum myndunum um X-mennina. Hér kynnast áhorfendur þeim Magneto (Michael Fassbender) og Charles Xavier (James McAvoy) þegar þeir voru ungir menn að uppgötva hæfileika sína í fyrsta skipti. Þó þeir hafi síðar orðið erkióvinir voru þeir bestu vinir sem ungir menn og stjórnðu í sameiningu hópi stökkbreyttra einstaklinga.

ÞAD ER ALLT Á HVOLFI ÞEGAR X-MEN ERU ANNARS VEGAR

### Myth Of The American Sleepover

**Leikstjóri:** David Robert Mitchell.  
**Aðalhlutverk:** Jade Ramsey, Nikita Ramsey og Amy Seimetz.  
**Aldurstakmark:** Leyfð.  
**Lengd:** 93 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Bíó Paradís.

Hér fléttast saman sögur af ungu fólki í leit að sínum fyrsta kossi, partíum og ævintýrum áður en raunveruleiki skólalífsins tekur aftur við völdum. Eins og gefur að skilja rætist ekki alltaf úr bamslegu dagdraumunum en það eru hins vegar hin óvæntu augnablik sem móta unglíngana fyrir lífstíð.



### Kung Fu Panda 2

**Leikstjóri:** Jennifer Yuh.  
**Aðalhlutverk:** Jack Black, Angelina Jolie, Jackie Chan og Gary Oldman.  
**Aldurstakmark:** Leyfð.  
**Lengd:** 90 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Akureyri, Álfabakka, Egilshöll, Keflavík, Kringlunni, Selfoss, Laugarásbío og Smárabío.

Í framhaldinu af *Kung Fu Panda* fylgjumst við áfram með pöndunni Po (Jack Black), sem nú er loks orðin kung fu-meistari og hefur drýgt margar hetjudáðir með hinum fræknu fimm, Tigrinum, Apanum, Nöðrunni, Beiðunni og Trönnunni og meistaranum Shifu. Albínópáfuglinn Shen (Gary Oldman) hefur safnað saman stórhættulegu liði málaliða í þeim tilgangi að taka yfir gjörvallt Kína, með góðu eða illu. Helst illu. Því þurfa Po og félagar að leggja upp í stórhættulega herför þvert yfir Kína til að ráða niðurlögum þessa vopns áður en það verður um seinan, bæði fyrir landið og kung fu-listina.



COURTNEY KJAFTAR FRÁ HERÓININU Í HOLLYWOOD

## Eitt af þessum partíum

**Courtney Love byrjaði í heróinu í partí heima hjá Charlie Sheen meðan Tom Cruise og Madonna skemmtu sér í næsta herbergi.**

Vandræðaskvísan Courtney Love greindi nýlega frá upphafi heróinneyslu sinnar í viðtali við tímaritið *The Fix*. Í viðtalinu segist Love hafa prófað eiturlýfið í fyrsta skipti í sannkölluðu stjórnpartí heima hjá hinum alræmda Charlie Sheen sem virðist eiga sök á öllu slæmu þessa dagana. Love segist hafa farið í parti heima hjá Sheen í húsi hans í Malibu ásamt þáverandi kærasta sínum. „Kærastinn minn var að vinna fyrir Ben Stiller á þessum tíma og hann bauð mér með sér í parti heima hjá Charlie Sheen,“ útskýrði Love í viðtalinu. „Tom Cruise var þarna, Madonna og svo vinkona mín, Jennifer Finch, sem sannfærði mig um að prófa heróin í partiinu.“ Love tók þó sérstaklega fram að Finch væri nú búin að vera edrú í 16 ár og hætt í eiturlýfjunum. „Þarna byrjaði allt heróindramað mitt, í einu af þessum partíum“ sagði Love í viðtalinu en benti þó á að á þessum tíma hafi hún verið byrjuð að neyta annarra eiturlýfja í stórum stíl. „Ég man eftir að hafa vaknað í flugvél sem var á leiðinni til San Francisco, klædd í pels og kínverskan brúðarkjól með 10 þúsund dollara í vasanum,“ sagði hún um vitleysuna sem fylgdi neyslunni.



## Popp-korn

Framhaldsmyndin *The Hangover: Part II* hefur slegið rækilega í gegn eins og fyrri myndin og eru framleiðendur nú þegar farnir að huga að þriðju myndinni um vandræðaseggina. Handritshöfundurinn Craig Mazin sem tók þátt í gerð handritsins við aðra myndina mun líklega skrifa handritið að þriðju myndinni en ekkert hefur verið gefið upp um söguþráð hennar enn.



George Lucas segist vera tilbúinn með efni í 50 *Star Wars* sjónvarpsþætti en tækni sé ekki nógu þróuð enn til að taka þá upp. Lucas segist vera að biða eftir nýrri tækni sem hann geti notað við upptökur þáttanna svo það borgi sig að taka þá upp. Hann segir kostnaðinn sem fylgi gerð þeirra enn ekki nýtast nógu vel til að gera trúverðuga þætti.



Skoski leikarinn James McAvoy sem fer með eitt aðalhlutverkanna í nýju *X-Men* myndinni segir kvikmyndir vera gerðar einfaldari fyrir Bandaríkjamenn. Hann segir breska kvikmynda-gerðarmenn vísitandi reyna að gera kvikmyndir sínar auðveldari skilnings svo Bandaríkjamenn geti horft á þær og skilið hvað sé að gerast í söguþræðinum.



Julia Roberts fékk vægt taugaáfall við tölur á kvikmyndinni *Larry Crowne* þegar hún þurfti að tala fyrir framan fulla skólafestu. Hún segist hafa orðið svo stressuð að tala fyrir framan bekkinn í fyrsta skipti og fannst skólafestofan virkilega ógnvekjandi. Tökumar urðu þó skárri með tímanum og sem betur fer tókst Roberts að vinna bug á ottanum.



Brad Pitt og Angelina Jolie kunna svo sannarlega að leika sér að fjölmöldum og þykir nýjasta yfirlýsing Pitt um að þau ætli mögulega að gífta sig bráðum ekki vera nein tilviljun. Tímasetning yfirlýsingarinnar þykir með eindæmum hentug þar sem hann er einmitt að kynna nýjustu mynd sína, *Tree Of Life* um þessar mundir.





KVIKMYND

# Engin flugeldasýning

The Hangover, sem kom út árið 2009, sló eftirminnilega í gegn. Sú mynd var frábær og ég skil það fullkomlega að hún hafi malað gull. Nú er komin The Hangover Part II. Þessi mynd gefur hinna ekkert eftir í húmor. Í myndinni eru mörg stórskemmtileg atriði og eru Phil, Stu og Alan frábærir saman. Nýja myndin er mun grófari en sú fyrri og í henni eru nokkur atriði sem verða alveg örugglega ekki spiluð á barnskemmtuninni á Menningarnótt. Þegar leið á myndina fór maður að kannast fullmikið við ýmislegt. Það gerði það að verkum að þetta var ekki eins skemmtilegt og síðast. Vandamál þessarar myndar er að öll þessi hugmynd er ekki eins myndin í annað skiptið. Maður hlær ekki jafn mikið að brandara sem maður hefur heyrt áður. Þó svo að brandarinn sé góður.

## Kemur þriðja myndin?

Í gegnum kvikmyndasöguna hafa framhaldsmyndir klikkað. Fyrsta myndin slær í gegn en svo kemur eitthvað drasl framhald. Það er ekki hægt að segja að þessi mynd hafi klikkað. Hún er skemmtileg og heldur manni vel við efnið. Þessi mynd er engu að síður ófrumlegasta framhaldsmynd sem ég hef séð. Hún fær því fína einkunn fyrir skemmtanagildi en núll fyrir frumlegheit. Framleiðendur myndarinnar tóku nákvæmlega enga áhættu þegar þeir gerðu þessa mynd. En ég meina til hvers að flækja málið? Af hverju ekki að gera eitthvað sem virkar?

Ég ætla því hér með að spá því að The Hangover Part III muni líta dagsins ljós. Aldrei að vita nema að Alan fari að gifta sig í Amsterdam og strák-



## The Hangover Part II

**Leikstjóri:** Todd Phillips  
**Aðalhlutverk:** Bradley Cooper, Zach Galifianakis og Ed Helms



arnir fá sér nokkrar hasskökur. Þeir vakna svo skelþunnir í Moskvu og upphefst þá sprenglægileg atburðarrás sem inniheldur meðal annars ísbjörn, rússnesku mafíuna og samkynhneigðan róna. Þetta getur ekki klikkað.

Tómas Leifsson

TÖLVULEIKUR



## INFAMOUS 2

**Format:** PlayStation 3  
**PEGI:** 16+  
**Gerð:** Hasarleikur

# Rafmagnað kvikindi

Ef leikimír Grand Theft Auto og Assassins Creed myndu hafa mök og upp úr því myndi spretta afkvæmi myndi það án efa nefnast inFamous 2. Leikurinn kemur út í næstu viku á PlayStation 3.

Hér fara leikmenn í hlutverk Cole McGrath sem í kjölfar sprengingar öðlaðist rafmagnaða ofurkrafta, en fyrir þann tíma var Cole ósköp venjulegur hjóreiðasendill sem hentist með pakka um Empire City. inFamous 2 leikurinn hefst með svakalegu atriði þar sem kvikindið „The Beast“ hefur gengið frá borginni og þrátt fyrir öfluga baráttu Cole og féлага sjá þau sér þann kost vænstan að flýja til borgarinnar New Marais og safna þar kröftum fyrir lokabardagann við dýrið.

## Góðir og illir kraftar

inFamous 2 leikurinn er algjörlega opinn og frjáls í spilun og fá leikmenn hér tækifæri til að vafra um borgina New Marais, sem sækir innblástur sinn í New Orleans, og taka þar á málum á sinn hátt. Grunnur leiksins er fjöldi verkefna sem fleyta söguþræðinum áfram, en auk þeirra eru endalaus aukaverkefni sem halda spilurum uppteknum í fleiri tug klukkutíma. Ofurkrafta Cole er hægt að þróa í tvær áttir og ákvarðast það af svokölluðu Karmakerfi. Ef menn eru góðir við borgarana fá þeir „góða krafta“ og virðingu, en ef þeir eru vondir, þá skilar það sér í „illum kröftum“ og hræðslu. Þetta karmakerfi skiptir miklu máli í spilun leiksins og skilar sér í ólíkum endalokum. Leikurinn tekur um það bil 20 tíma í spilun og svo er hægt að tvöfalda það ef menn vilja spila hann bæði sem góðir og vondir.

## Stórkostleg grafík

Hellingur af nýjum kröftum lítur dagsins ljós í þessu framhaldi og er mjög fín þróun í þeim málum. Einnig getur Cole núna sameinað krafta sína við aðrar persónur leiksins sem gerir heilmikið fyrir spilunina. Grafík inFamous 2 er stórkostleg og með því betra sem sést hefur á PlayStation 3 og í leiknum eru atriði sem gefa leikjum á borð við God of War 3 ekkert eftir þegar kemur að epík. Talsetning og tónlist leiksins er í hæstu gæðum og klárt að mikið hefur verið lagt í þann hluta.

Ef menn eru með (eða vilja fá) hár á bringuna þá eru þrír leikir sem hafa komið út á þessu ári sem ég mæli með; L.A.Noire, Crysis 2 og nú inFamous 2.

Ólafur Þór Jónsson



**0 kr.**  
að hringja innan kerfis Simans með 1.990 kr. áskrift.\*

# Vertu með RingTóna í símanum!

http://ringtonar.ring.is

**VERTU MED**

www.ring.is / m.ring.is    www.facebook.com/ringjarar

\* 1.500 min/SMS innan GSM-kerfis Simans og 990 kr. inneign til að hringja í önnur kerfi

# FLUGAKADEMÍAN

Í Flugakademíu Keilis er lögð áhersla á nútímalega kennsluhætti og kennslumhverfi. Flugfloti Keilis er bæði nýstárlegur og hátæknilegur.

## EINKAFLUG

Námið veitir réttindi til að fljúga einshreyfils flugvél í flestum Evrópulöndum. Námið hentar bæði áhugamönnum og þeim sem hyggja á nám í atvinnuflugi.

## FLUGUMFERÐARSTJÓRN

Námið undirbýr nemendur undir ábyrgðarmikið starf flugumferðarstjóra. Flugumferðarstjórar starfa í flugturnum og flugstjórnarmiðstöðvum og starfið felur meðal annars í sér að sjá um samskipti við flugmenn og tryggja öryggi flugvéla.

## ATVINNUFLUG

Námið undirbýr nemendur undir að stjórna farþegaflugvélum víðs vegar um heiminn og tekur mið af námsskrá sem er gefin út af JAA/EASA samkvæmt samevrópskri útgáfu flugskírteina.

**NÝTT: Staðnám hefst haustið 2011.**

## FLUGÞJÓNUSTA

Námið veitir vottun á grunnþjálfun flugfreyja og flugþjóna í samræmi við kröfur EASA (EU-OPS1.1005) og er viðurkennt af Flugmálastjórn Íslands. Fyrir þá sem vilja auka atvinnu- möguleika sína í ferðageiranum enn frekar bætist við þjálfun í ýmsum greinum ferðþjónustu, þ.á.m. innritun og afgreiðslu.




**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 6. JÚNÍ**

Nánari upplýsingar er að finna á [www.keilir.net](http://www.keilir.net)



**Keilir**  
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs  
Leiðandi í flugkennslu





**KLÚBBURINN**  
Borgarleikhúsið  
Föstudagur kl. 20

## Dansleikhús um karlmenn

„Sýningin fjallar um hvernig karlar hópa sig saman og hvað þeir þurfa að gera til að stíga inn í hópinn,” segir Gunnlaugur Egilsson, meðlimur Klúbbsins. Myrkustu leyndarmáls Ingvars E. Sigurðssonar, tónlistarmaðurinn Borko að dansa og karlremban í Birni Thors eru allt viðfangsefni Klúbbsins sem frumsýnir verk á Listahátíð um helgina. Klúbbinn skipa leikararnir Björn Thors, Ingvar E. Sigurðsson og Ólafur Egill Egilsson, dansarinn Gunnlaugur Egilsson, tónlistarmaðurinn Borko og listamaðurinn Huginn Þór Arason. „Hugmyndin kviknaði fyrir tveimur árum síðan,” útskýrir Gunnlaugur. „Okkur langaði að búa til karlklúbb og setja upp sýningu í leiðinni. Hér er á ferðinni klúbbur sem er til alls líklegur og lofa þeir sannkallaðri leikhússprengru í Borgarleikhúsinu um helgina. Þeir hyggjast afhjúpa æðsta leyndarmál listarinnar sem hlýtur að teljast stórt verkefni en ef einhver getur það eru þessir sex einstaklingar líklegir til árangurs. Miðaverð er 3.900 krónur og hægt er nálgast miða á Midi.is.

## fílófaxið

fimmtudagur **2** júní laugardagur **4** júní

### VALDIMAR OG AGENT FRESCO

Kanturinn Grindavík  
Sjómannahelgin hefst á Kantinum þegar hljómsveitirnar Valdimar og Agent Fresco leiða saman hesta sína. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

### föstudagur **3** júní

#### TATTÚHÁTÍÐ

Sódóma  
Íslenska tattúhátíðin fer fram á Sódómu um helgina. Ópið er föstudag, laugardag og sunnudag og hægt er að kaupa sér dagspassa eða helgarpassa. Á föstudagskvöldinu koma fram hljómsveitirnar Hoffman, Vintage Caravan, Endless Dark og Legend. Tónleikarnir hefjast á miðnætti.

#### SVÍNARÍ #3

Faktorý  
Láttu þig ekki vanta á Svínari um helgina. Hljómsveitirnar Valdimar, Berndsen og Jón Þór koma fram og gera tilraun til að skapa skemmtilegasta kvöld lífs þíns. Fritt inn.

#### BANG GANG

Græni Hatturinn Akureyri  
Hljómsveitin Bang Gang treður upp í tilefni tónlistarveislu Tónlist.is um helgina. Miðaverð er 2.000 krónur og miðasala fer fram í Pennanum Eymundsson.

### ALL-BUT-CLOTHES MARKAÐUR

Hitt Húsið  
Fólki á aldrinum 16-25 ára býst að vera með frian bás til að losa sig við fót, plötur, bækur, dvd, raftæki eða bara hvað sem er. DJ Impulze sér um tónlistina og veitingar verða í boði Ölgerðarinnar.

#### TATTÚHÁTÍÐ

Sódóma  
Tattúhátíðin heldur áfram og á laugardagskvöldinu sjá hljómsveitirnar Texas Muffin, El Camino og The 59's All Star ásamt Krumma og Daniel Ágúst um að halda uppi stuðinu eftir tattúmaráðningu. Tónleikarnir hefjast á miðnætti.

### FRÍÐRIK DÓR OG JÓN JÓNSSON

Græni hatturinn Akureyri  
Bræðurnir Friðrik Dór og Jón Jónsson tröða upp í tilefni af tónlistarveislu Tónlist.is. Miðaverð er 1.500 krónur í forsoðu og 2.000 krónur í hurð. Miðasala fer fram í Pennanum Eymundsson.

#### STÓRTÓNLEIKAR

Nasa  
Hljómsveitirnar Bang Gang, Ourlives og Cliff Clavin rokka á Nasa í tilefni af tónlistarveislu Tónlist.is. Miðaverð er 1.000 krónur í forsoðu og 1.500 krónur í hurð.



## Justin Bieber notar Proactiv® Solution

### Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!



Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108  
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi  
APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11  
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER Suðurlandsbr. 22



**Heilsubudin.is**  
- bætt útlit, betri líðan

# LOKAPRÓFIÐ

| 2. júní 2011 |  
**MONITOR**  
skólinn

Ég heiti Fjölur Geir Dragsason Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

Þú veist hver ég er af því að

Þú áttadit þig á því

Fjöldi húðflúra á líkama mínum

- er á bilinu  
a) 5-10  
b) 10-15  
c) 15-20  
d) 20-25 x sen stendur  
e) 25-40

Flest þeirra tákna

- a) Ást x  
b) Frið  
c) Dauðann x  
d) Lífið x  
e) Asatru  
Af því að hún fjalla um  
tætut mínakfer  
mer verog hún RULAR

Hárið mitt er upb sæmetrar að lengd og ég er búinn að safna því í 28 ár.

Frægasti kunninn minn er Kiefer Sutherland sem fékk sér tattú á Rúnir á fram handlegg

Það er erfðast að gera tattú á

- a) Rassa  
b) Brjóst  
c) Olnboga x  
d) Andlit  
e) Áf því að skinnit er afar ómeðfærlegt

Það sem fáir vita um mig er á matgta vötum

Þegar ég var lítill langaði mig til að verða  
a) Flugmaður og vera kallaður Fjölur flug.  
b) Hattasölumaður og vera kallaður Fjölur hattú.  
c) Endurskoðandi og vera kallaður Fjölur skattú.  
d) Listmálari og vera kallaður Fjölur artí.  
e) \_\_\_\_\_ og vera kallaður Fjölur Tutta

Saffia litla frænka mín benti einu sinni á tattúin mín og sagði: TUTTA!



Síðasta sms sem ég fékk var frá a-ð

og í því stóð abcde  
fghijklmn  
pqrstuv  
xyzæø

Af eftirfarandi myndi

ég helst vilja fá mér hádegismat með  
a) Barack Obama  
b) Kim Kardashian  
c) David Beckham  
d) Vilhjálmí Bretaprins  
e) Cheryl Cole x  
Til að ræða um Spekoppa  
og Spekoppafeili

SATT OG ÓSATT

Ég finn ekki til þegar ég fæ mér tattú  
S óx

Flestir kunnarnir fara að gráta í stólum hjá mér  
S óx

Ég hef gert tattú með bundið fyrir augun  
S óx

Ég tek meira en 100 kg í bekk  
S ó

Ég er með tattú á tungunni  
S óx en íman á  
neðri vöt  
Ég fíla Justin Bieber síðut et  
s fíla má min.

Fallegasta kona í heimi er

- a) Cheryl Cole.  
b) Beyoncé Knowles.  
c) Jessica Alba.  
d) Natalie Portman.  
e) Íðilfögur

Uppáhaldsmaturinn minn er íðilfögur konur  
en ég kúgast við tilhugsunina um að borða því mig

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Dany de Vito  
til að leika mig en líklega yrði það samt Andre the Giant

## Síðast en ekki síst

» Haukur Harðarson, íþróttafréttamaður, fílar:

**Kvikmynd** Ég er með fjárans „Ballá-basic“ kvikmyndasmekki og viðurkenni það fúslega. Því er Forrest Gump að sjálfsgöðu uppáhaldskvikmyndin mín. En þetta er erfitt val, get líka horft á Die Hard 1 og Sin City aftur og aftur.



**Sjónvarpsáttur**

Seinfeld. Langbestur. Byrjaði reyndar að horfa á þættina þegar ég var orðinn 22 ára og horfði á allt í einni bunu. Þá var ég búinn að taka út nægan þroska til að skilja Seinfeld. Hann breytti öllu.



**Bók** Páll Vilhjálmsson

eftir snillinginn ömmu mína, Guðrúnu Helgadóttur, er bók sem ég verð að mæla með fyrir alla sem hafa ekki lesið hana. H Z vantar á bát! Kveðja, Ásta, Barði, börnin. Orðagrín eins og það gerist best.



**Plata** Öfugt við kvikmyndirnar er ég með mjög djúpan og sérstæðan tónlistarsmekki. A Rush of Blood to the Head með Coldplay er besta plata sem gerði hefur verið. Ég kann fjögur hálf lög af henni á píanó! Sorri, Porkell Máni.

er besta plata sem gerði hefur verið. Ég kann fjögur hálf lög af henni á píanó! Sorri, Porkell Máni.



**Vefur** Það væri hræsni að nefna ekki vef sem ég fer inn á oftar en 10 sinnum á dag.

Fótbolti.net. Strákarnir eru að gera góða hluti. Það vita ekki margir af henni en ég held að hún eigi eftir að verða vinsæl.



**Staður** Tjarnargata 39, KR-völlurinn og austurrísku Alþarnir á sólríkum vetrarmorgni.



LILJA  
4 ÁRA

VEIT ALVEG  
HVERNIG MAMMA  
FÆR MARBLETTINA

HVERT BARN SKIPTIR MÁLI  
- VERTU HEILLAVINUR

*Myndin er sviðsett*

Barnaheill – Save the Children á Íslandi berjast fyrir því að stjórnvöld veiti börnum, sem eru vitni að og alast upp við heimilisofbeldi, þann stuðning og aðstoð sem þau þurfa. Talið er að um 2.000 íslensk börn verði á ári hverju vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Taktu þátt í að efla mannréttindi barna með því að vera heillavinur.

**Farðu á [barnaheill.is](http://barnaheill.is) og vertu heillavinur með 1.000 kr. framlagi eða meira á mánuði.**

Katrín Jónsdóttir **heillavinur**



**Barnaheill**  
Save the Children Iceland





# Vertu með Netið í símanum!

**300 MB** fyrir aðeins **490 kr.** á mánuði

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ

\* 1.500 min/SMS innan GSM-kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í önnur kerfi